

Matvælaráðuneytið

Skrifstofa landbúnaðar

Guðrún Sigríður Sigurjónsdóttir, sérfræðingur

desember 2025

Ársskýrsla vegna ullarsöfnunar 2025

Ístex hf. fékk stuðning til ullarsöfnunar 2025 samkvæmt reglugerð nr. 1183/2017, III KAFLI ullarnýting. Í samningi við Matvælastofnun skal Ístex hf. skila ársskýrslu um ullarnýtingu fyrir tímabilið 1. nóvember 2024 til 31. október 2025. Ístex hf. telur sig að hafa uppfyllt öll þau skilyrði við söfnun sem bent er á í samningnum, þ.m.t. að útvega umbúðir til afhendingar, að sækja alla vinnsluhæfa ull á landinu og að áfram vinna yfir 30% af allri ull á Íslandi

Ullarsöfnun gekk vel um allt land bæði við söfnun á haust- og vetrarull. Fyrir utan tímabil í lok janúar var veður og færð frekar hagstæð um allt land. Vinnsla gekk einnig vel á Blönduósi, bæði við þvott og þökkun. Þannig að þetta var eitt besta ár í söfnun á bæði haustull og vetrarull.

Rekstur Ístex var erfiður vegna þess að talsverður samdráttur var í sölu á handprjónabandi, en mesti hluti ullarinnar var notaður í Mosfellsbæ fyrir slíka vinnslu. Magn af mislitri ull heldur áfram að aukast á milli ára og nokkuð offramboð er á mörkuðum með slíka ull. Vinnsla á þessari ull er í talsverðu tapi og kaupendur með stórar birgðir.

Móttökustöðvar og umbúðir

Ístex setti upp söfnunarkerfi, eins og lýst var í umsókn og auglýst til bænda, m.a. í Bændablaðinu og á www.ullarmat.is. Það voru um 45.000 af þar til gerðum ullarpokum dreift til bænda í gegnum 20 umboðsmenn. Þá komu um 5 flutningsaðilar beint að ullarflutningum. Ullarframleiðandi, sem var lengra en 100 km frá söfnun, var samið við sérstaklega fyrir flutning á ullinni að söfnunarstað.

Nýjungar og lærdómur

Sífelmt er leitað leiða til að auka verðmæti og þekkingu á ull. Meðal verkefna sem Ístex gerði í ullarmálum voru.

- Setja upp nýtt ullarskráningarkerfi sem tekið var í notkun í nóvember 2025.
- Styrkja rúningsnámskeið á Vesturlandi.
- Meta kolefnisfótspor af söfnun, en meðal kolefnisfótspor við söfnun var 0,098 kg CO₂ per kg af safnaðri ull eða á bili milli 0,03 til 0,5 kg CO₂ per kg af safnaðri ull.

Það er nokkur atriði sem mætti taka til skoðunar til að bæta ullarsöfnun. Þar mætti nefna

- Finna leiðir til að lækka kolefnisfótspor við ullarsöfnun.
- Finna leiðir til að lækka kostnað við ullarpoka og að þeir nýtist sem allra best.
- Leita leiða til að minnka magn af mislitri ull, t.d. að fá ullarinnleggjendur til að taka meira svart og mórautt úr mislitum öðrum flokk.

Ullarsöfnun

Ístex skuldbatt sig að safna allri vinnsluhæfri ull frá öllum framleiðendum sem þess óskuðu. Á tímabilinu safnaði Ístex hf. um 682 tonnum af ull frá 1.143 ullarframleiðendum um allt land. Það voru 966 aðilar sem lögðu inn haustull, en aðeins 177 aðilar lögðu aðeins inn vetrarull.

	Óhrein ull	Hrein ull
Snoð Hvítt	59.400	41.580
Hvít heilsársull	50.277	35.194
H-Lamb	27.120	21.696
H-1 Flokkur	142.801	114.241
H-2 Flokkur	134.921	107.937
H-2 Flokkur Lamb (lítið gölluð)	30.506	24.405
H-3 Hvítt	59.292	41.505
M-Svart	17.816	14.253
M-Grátt	19.580	15.469
M-Mórait	7.892	6.313
M-Svart annar flokkur	8.134	6.246
M-Mórait annar flokkur	45.231	31.952
M-2 Flokkur	62.436	49.897
M-2 Lamb mislit	9.205	7.364
Úrkast	7.151	7.151
Samtals	681.761	525.202

Ístex neitaði engum ullarframleiðenda um að taka á móti vinnsluhæfri ull frá þeim. Stærsti hluti þess sem var sett í úrkast (rúm 7 tonn), þar sem þau voru ekki hæf til vinnslu, var mikið þæfð ull, t.d. með snoð utan á eða með miklum skítakleprum. Frekari upplýsingar um ullarframleiðsluna má sjá í meðfylgjandi skýrslum.

Íslensk vinnsla

Ístex keypti af bændum 525 tonn af hreinni ull. Þrátt fyrir fall á sölu í handprjónabandi, var hlutfallið af ull sem fór til vinnslu hérlandis vel yfir 30%. Einungis annar flokkur og lakari ull var seld erlendis.

Lokaorð

Ístex hf setti upp ullarsöfnunarkerfi sem bæði uppfyllti þau skilyrði sem voru í samningi við Matvælastofnun og styrkti bændur um allt land til að afhenda á sem auðveldasta máta alla vinnsluhæfa ull til frekari vinnslu. Þeirri vinnsluhæfri ull var vel yfir 30% áfram unnin á Íslandi. Ekki hika að spyrja ef frekari upplýsinga er óskað um ullarsöfnun 2025.



Sigurður Sævar Gunnarsson

Framkvæmdastjóri Ístex